

150. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Hafsteinn H. Gunnarsson, Bryndís Skúladóttir, Eiður Guðmundsson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Ingbór Guðmundsson, Már Karlsson, Ragna Halldórsdóttir
Staður og stund: 7. apríl 2014, kl. 10:00 – 11:20, símafundur

1. Fréttabréf

Þegar fréttir eru komnar á síðuna verður gerður fréttatölvupóstur með hlekk á vefsíðuna. Í framhaldi af því að nýtt efni berst á heimasíðu mun **BS** gera fyrsta uppkast af fréttabréf í tölvupósti. Nú er von á dagskrá aðalfundar og efni frá haustfundi. **BS** skrifar frétt um aðalfund, **HHG** um haustfund.

2. Aðalfundur

Aðalfundur verður haldinn haldinn 15. maí. **HHG** hefur samband við Garðabæ um staðsetningu. Athuga hvort erindi komi frá bænum, jafnvel fundarstjórn. Aðalfundur verður milli 11 – 12 og ráðstefna eftir hádegi. Ákveðið var að á aðalfundi verði fjallað um tilgang og framtíð félagsins. Stjórnarmenn skiptu með sér verkum og tala við hugsanlega fyrirlesara á aðalfundi. **BS** talar við umhverfisráðuneyti, umhverfisstofnun, Kratus og SA. **RH og GTÓ** tala við Sorpu og aðila frá höfuðborgarsvæði. **MK** talar við Úrvinnslusjóð.

3. NAF í Malmö

NAF virðast vera að skoða að félagið verði eingöngu fyrir sveitarfélög. **HHG** kannar málið og hvernig það snýr að Fenúr. Vorfundur er haldinn í maí.

4. Samningur um Fenúr merki

Brögð hafa verið á því að pantanir á Fenúr merkjum séu seint afgreiddar. Farið er að bera á öðrum gerðum merkja sem þjónustuaðilar virðast hanna sjálfir. Stjórn ákvað að taka upp viðræður við prentfyrirtæki um hvort það geti séð um pantanir líka. **EG** kannar málið.

5. Önnur mál

Formaður er að vinna ársskýrslu til ISWA og sendir stjórnarmönnum drög til yfirlstrar.

Næsti fundur ákveðinn 14. apríl kl. 10.

Fundarritari: Bryndís Skúladóttir